

Kennsluleiðbeiningar

Tungutak - Málsaga handa framhaldsskólum

Markmiðin með kennslubókinni *Tungutak - Málsaga handa framhaldsskólum* eru í grófum dráttum eftirfarandi:

- Fá nemendur til þess að hugsa um tungumálið í víðu samhengi. Leitast er við að fá þá til að velta vöngum yfir því hver geti verið hugsanlegur uppruni hins talaða máls og hver hafi verið þýðing þess fyrir manninn.
- Fá nemendur til að velta fyrir sér tengslum talmáls og ritmáls og þróun helstu ritkerfa. Nemendur átti sig einnig á þeim mun sem er á mismunandi ritkerfum og geri sér grein fyrir kostum þeirra og göllum. Ennfremur geri þeir sér grein fyrir þýðingu þess að eiga sér ritmál.
- Nemendur þekki aðalatriðin í málsögu íslenskrar tungu, átti sig á hver hafi verið uppruni íslenskunnar og geti staðsett hana meðal skyldra mála. Nemendur geri sér ljósa grein fyrir því hvaða þýðingu það hefur haft fyrir Íslendinga að eiga sér tungu sem hefur að mörgu leyti breyst lítið í tímans rás.
- Nemendur velti fyrir sér stöðu þeirra mála sem fáir tala og eiga í vök að verjast. Leitast er við að fá þá til að svara og rökstyðja mikilvægi þess að fámennar þjóðir haldi í móðurmál sitt. Sjónum er beint að íslenskunni og reynt að fá nemendur til að hugsa um þýðingu þess fyrir Íslendinga að hlúa að tungunni og varðveita hana.

Hér á eftir eru kennsluleiðbeiningar með *Tungutaki – Málsögu handa framhaldsskólum* sem kennari getur nýtt sér við yfirferð á efninu. Aftan við þær eru ítarleg svör við verkefnum í kennslubókinni.

1. kafli Uppruni mannlegs máls

Þessi kafli er hugsaður sem útgangspunktur fyrir það sem á eftir kemur og á helst að kveikja með nemendum áhuga á efninu. Hann er viljandi svolítið laus í reipunum og heimspekilegur og þjónar ekki síst þeim tilgangi að fá nemendur til að hugsa, spá og spekúlera.

Kaflinn er í raun tvíþættur. Í fyrsta lagi fjallar hann um það hvaða augum hin ýmsu trúarbrögð hafa litið tungumálið. Í öðru lagi reifar hann í stórum dráttum hugmyndir manna um tilurð og þróun málsins, fyrir og eftir þá byltingu sem þróunarkenning Darwins olli á 19. öld.

Í byrjun gefst vel að koma af stað umræðum um upphaf og tilurð málsins og fá fram einhverjar hugmyndir frá nemendum. Ýmsum spurningum er hægt að varpa fram:

- Hvernig var þetta í upphafi? Var maðurinn einn af öpunum?
- Hvers vegna fann þessi dýrategund hjá sér hvöt til að tjá sig á einhvern annan hátt en hún var vön?
- Höfðu landfræðileg skilyrði eitthvað að segja? Sumir segja að þegar maðurinn hafi farið úr skóginum, sem veitti ákveðna vernd, yfir á bersvæði gresjanna hafi fullkomnari tjáningarmáti orðið að koma til.

Spurningar í þessa veru koma nemendum af stað og reynslan er sú að þeir verða áhugasamir og hafa gaman af því að velta þessu fyrir sér. Reynslan er sú að nemendur hafa gaman af því að velta spurningum í þessa veru fyrir sér, þær koma þeim af stað og kveikja áhuga þeirra.

Gott er að leiða umræðurnar yfir í dýramál almennt og skiptast á skoðunum um það hvort dýrin geti talað innbyrðis, hvort þau skynji hljómfall í tali manna (sbr. hundar), hvort kettir hugsi í einhvers konar skynmyndum, o.s.frv. Margir nemendur eiga gæludýr og hafa heilmiklar skoðanir á þessum málum. Flestir þeirra eru sammála um að dýrin hafi ákveðinn „forða“ af tilfinningum sem þau tjá en að það sé mun afmarkaðri tjáning en hjá mannum. Apar gefi t.d. til kynna hungur, reiði, sársauka, mökun, o.s.frv. með mismunandi hljóðum en tjáning þeirra virðist þó eingöngu ná yfir frumþarfir. Áhugavert er ræða hugsanlegar ástæður þess að maðurinn fór aðrar leiðir og tók að tjá heiminn á mun flóknari hátt. Stundum leiða umræðurnar út í enn meiri heimspeki og þeirri spurningu varpað fram hvort tungumál mannsins, í öllu sínu veldi, hafi fært honum meiri hamingju eða hvort honum hefði vegnað betur í hópi apa þar sem heimsmyndin er mun einfaldari og miðast eingöngu við frumþarfir!

Í þessu samhengi er sniðugt að láta nemendur lesa aðgengilega grein um apa sem er að finna í Lífandi vísindum nr. 11, 1998 og einnig er hægt að láta þá lesa kafla úr bók Fromkin og Rodman um dýramál almennt (*An Introduction to Language*). Kennari getur einnig sjálfur rennt yfir kaflann til að ná sér í umræðupunkta um efnið.

Hugtak eins og *hljóðgervingur* kemur iðulega til þegar rætt er um útfærslu tungumálsins með hljóðum og gott er að benda nemendum á að í raun hafi það kannski verið tilviljun frekar en hitt að hljóð urðu ofan á sem birtingarmynd málsins. Menn gætu allt eins hafa farið þöglu leiðina og tjáð sig með táknum og ef til vill þróað jafn flókið og margbrotið mál og gert var með hljóðunum (sbr. táknmál heyrnarlausra). Upplagt er að láta nemendur setja sig í spor þöguls heims þar sem allt er tjáð með táknum og svipbrigðum og ræða þann möguleika. Í samhengi við táknmálið er t.d. mjög sniðugt að fá fyrirlesara frá Samskiptamiðstöð

heyrnarlausra í tíma til að segja nemendum frá sögu táknmálsins. Það glæðir mjög skilning og áhuga nemenda á því.

Talið berst óhjákvæmilega að því hvað það hafi í raun verið mikill vendipunktur í þróun mannsins þegar hann uppgötvaði þá aðferð að tengja mismunandi hljóð við ólíka merkingu. Auðvelt er að falla í stafi þegar hugsað er út í þessa stórkostlegu uppgötvun.

Í lokin er gagnlegt að tæpa á 20. öldinni og tala aðeins um líffræðileg atriði eins og þau að heili mannsins og taugakerfi hans gegna stóru hlutverki í þessu öllu saman auk talfæranna. Sýnt hefur verið fram á að apar geta tjáð sig að einhverju leyti með táknum en svo til ekkert með hljóðum og virðast talfærin þar helst hindra.

Svo er spurning hvað hafi valdið því að heili mannsins stækkaði umfram annarra skyldmenna hans í hópi apanna. Varð sú þróun jafnhliða þróun tungumálsins hjá mannum eða hvað?

Ljóst er að aðstæður mannsins á hverjum tíma hafa ýtt honum út í ýmiss konar breytingar og til að komast af hefur hann vitanlega þurft að finna árangursríkar leiðir. Tungumálið hefur svo sannarlega lagt þar þungt lóð á vogarskálarnar ásamt ýmsum öðrum samverkandi þáttum.

1. kafla fylgja verkefni í kennslubókinni þar sem nemendur eru spurðir út í efni kaflans og ýtt undir sjálfstæða hugsun hjá þeim. Svörin við verkefnum kaflans fylgja á eftir í kennsluleiðbeiningunum. Hægt er að bæta við verkefni þar sem nemendur eiga að semja örsögu/smásögu um það hvernig málið hafi kviknað í upphafi eða orðið til. Það hefur gefist vel og nemendur stundum farið á kostum og leyft ímyndunaraflinu að njóta sín. Þetta er ekki hugsað sem strangvísindalegt verkefni heldur er tilgangur þess að fá nemendur til að tala saman um efnið í litlum hópum og koma sér niður á lausn sem þeir eru sammála um. Ef tími gefst í þetta verkefni er hægt að láta nemendur skila því til kennara en auk þess geta þeir kynnt það fyrir samnemendum sínum og sett það upp í glærusýningu með texta og myndum. Hér er upplagt að láta nemendur nýta sér Netið, ekki síst til að ná sér í sniðugar myndir til að krydda hugmyndirnar með.

2. kafli Upphaf ritmáls

Þessi kafli á það sammerkt með þeim fyrsta að efni hans er á vissan hátt utan íslenskrar málsögu. Hins vegar eru þeir báðir áhugaverðir og gagnlegir undanafarar. Það er svo sannarlega vert að skoða með nemendum hvernig talið er að upphafi ritmáls hafi verið háttað og hver þróun þess hafi í stórum dráttum orðið í tímans rás.

Hér gefst, líkt og í 1. kafla, tækifæri til ýmissa vangaveltna um efnið þó að það sé að mörgu leyti áþreifanlegra en í þeim fyrsta. Fyrst er athygli nemenda vakin á því að ekki er sjálfgefið að talað mál eigi sér ritmál. Nemendum er bent á að af þeim þúsundum mála sem til eru í heiminum er töluverður fjöldi án ritmáls og að þau tungumál eiga það velflest (ef ekki öll) sameiginlegt að vera töluð af tiltölulega fámennum hópi manna. Hér er hægt að láta nemendur fara inn á Netið og kynna sér nýjustu tölur um fjölda tungumála í heiminum og dreifingu þeirra.

Gott er að fá nemendur til að staldra við og ímynda sér hvernig íslenskt samfélag væri ef ekkert væri ritmálið. Engar skólabækur! Engar heimildir, engar glærur eða töfluskrif, ekkert blogg, ástarbréf eða sms, engir minnismiðar o.s.frv.

Nemendur hafa gaman af því að reyna að setja sig í þessi spor og finnst í raun skrytið hvernig samfélög manna fara að því að spjara sig án ritmáls. Þessi ímyndunarleikur sýnir þeim til dæmis svart á hvítu hvað íslenskt samfélag er háð rituðu máli og hvað það er nátengt talmálinu. Við getum ekki hugsað okkur annað án hins. Í þessu samhengi er upplagt að minnast á lögsögumennina okkar á fyrstu öldum íslenskrar byggðar sem studdust eingöngu við „minniskubb“ í höfðinu á sér því að lögin voru ekki rituð fyrir en á fyrri hluta 12. aldar.



Vert er að vekja athygli nemenda á því að líkt og með talmálið hafi mönnum fundist tilvera ritmálsins svo stórkostleg að hún hlaut að vera háð guðlegum/yfirnáttúrulegum uppruna.

Því næst er gott að ræða þróun ritmálsins, allt frá um 20.000 ára hellamyndum til dagsins í dag. Dvalið er við Súmera sem talið er að hafi fyrstir komið fram með ritkerfi byggt á myndmáli. Það getur verið gagnlegt að láta nemendur afla sér enn frekari upplýsingar um Súmera og samfélag þeirra, t.d. á Netinu eða í sögubókum. Með hjálp kennara glöggva nemendur sig á því hvað myndletur fól í sér, hverjir voru kostir þess og hvaða takmarkanir það hafði.

Athygli nemenda er vakin á orðaskrift Kínverja og þeim bent á að ritkerfi þeirra byggir á gömlu myndmálhugsuninni þó að táknin sem slík hafi fjarlægst fyrirbærin í útliti á löngum tíma. Það er mjög sniðugt og glæðir skilning að sýna nemendum gömlu og nýju kínversku táknin sem er að finna í *Máli og málsögu* eftir Baldur Ragnarsson, bls. 30, 1992. Þar má sjá hvað gömlu kínversku táknin voru gagnsæ í byrjun en urðu smám saman óræðari með tímanum.

Líkt og í 1. kafla er gagnlegt að rekja efni kaflans á glærum. Vert er að vekja athygli á þætti Egypta en þeir notuðu myndletur, líkt og Súmerar, en með tímanum byggði letur þeirra þó bæði á orðaskrift og atkvæðaskrift.

Gott er að gera grein fyrir þeim eðlismun sem varð á ritmálinu þegar menn tóku að aðlaga táknmyndirnar í orðaskriftinni að tungumáli sínu á þann hátt að þeir tengdu þær við hljóð atkvæðanna í eigin máli (Egyptar, Assýríumenn og Persar).

Þegar sá ís var brotinn að tengja tákn við hljóð varð brautin að vissu leyti rudd fyrir Föníkíumenn og Grikki en þeir urðu frumkvöðlar að ritkerfi því sem nefnt hefur verið stafrófsskrift (*alfabet* til heiðurs Grikkjum en fyrstu tveir stafirnir í stafrófi Grikkja heita alfa (=a) og beta (=b)). Hér er gaman að geta upprunans á *alfa* en á fönísku merkti *aleph uxi*, . Táknmyndin fyrir hann er síðan talin hafa verið notuð í fyrsta stafnum í föníska stafrófinu en þá hafði táknmyndin lagst á hlið  og nýttu Grikkir sér hana síðan til að tákna fyrsta stafinn í stafrófinu sínu, *alfa* = **α**.

Í þessari þróunarsögu er nauðsynlegt að einfalda málin og hjálpa nemendum fyrst og fremst að skilja muninn á orðaskrift og hljóðaskrift. Einnig er gagnlegt að þeir skilji muninn á atkvæðaskrift (eins og Japanir nota) og stafrófsskrift. Upplagt er að sýna þeim glærur með mismunandi atkvæða- og stafrófsskrift sem er t.d. að finna í *Máli og málsögu* eftir Baldur Ragnarsson, bls. 38-39, 44-45, 59, 69, 1992. Í tengslum við atkvæðaskriftina má benda nemendum á japönsk orð sem þeir þekkja, t.d. *karate* og nöfn á ýmsum japönskum bílategundum, þar sem hvert atkvæði samanstendur af samhljóða og sérhljóða.

Samandregið má segja að orðaskrift miðist ekki við framburð eða hljóð eins og er raunin með bæði atkvæða- og stafrófsskrift. Í þeim tveimur síðastnefndu miðast hvert tákn þó við misstórar hljóðeiningar (eitt atkvæði/eitt hljóð). Ritmál sem byggist á hljóðum skilst ekki nema menn geti tengt táknin við hljóðarunur sem hafa merkingu í hugum þeirra.

Að lokum er gott að ræða kosti og kalla hvers ritkerfis fyrir sig, myndleturs í sinni tærustu/upprunalegustu mynd, orðaskriftar, atkvæðaskriftar og stafrófsskriftar. Þessi kafli hefur yfirleitt gengið vel í nemendur og þeir átt nokkuð auðvelt með að átta sig á efninu. Þeim finnst gaman að velja þessu fyrir sér og verða oft heilmiklar umræður um efnið. Gagnlegt getur verið að búa til töflu og samantekt fyrir nemendur sem sýnir í grófum dráttum þróun ritmáls í heiminum.

Framburður íslenskunnar hefur breyst töluvert með tímanum, sérstaklega hvað varðar sérhljóðin. Ef kennari hefur tóm til að fara aðeins dýpra í þær framburðarbreytingar en kennslubókin gefur tilefni til getur hann t.d. aflað sér upplýsinga um forna framburðinn með því að skoða útgáfu Hreins Benediktssonar á *Fyrstu málfræðiritgerðinni*. Ef nemendum tekst að glöggva sig á forna framburðinum er mjög gaman að láta þá lesa t.d. vísur úr *Völuspá* með tæplega þúsund ára gömlum íslenskum/fornnorskum framburði. Til að víkka út verkefnið er hægt að taka upplesturinn upp á band og leyfa nemendum síðan að hlusta. Þeir hafa bæði mjög gaman af og skilja líka miklu betur það sem um ræðir.

Kennari getur líka sjálfur lesið t.d. texta upp úr *Heimskringlu* og *Egils sögu* með gömlum framburði.

3. kafli Yfirlit yfir íslenska málsögu

Þetta er stærsti kafli bókarinnar og fjallar hann um íslenska málsögu.

Það sem nemendur eiga oft erfitt með að muna í málsögunni eru ártöl (tímabil, aldir, ár) og staðarnöfn. Þegar rætt er um forsögu íslenskrar tungu koma fyrnefnd atriði óneitanlega við sögu og nauðsynlegt að nefna þau. Ef til vill væri ráð að láta nemendur vinna einhvers konar netverkefni um uppruna og heimkynni indóevrópumanna og germana þar sem þau gætu nýtt sér kort og myndir auk lesmáls um efnið. Þannig vinna gæti ef til vill glætt meiri áhuga hjá þeim á efni í þessum dúr.

3. kafli hefst á formóður (-föður) íslenskunnar og margra annarra mála sem er indóevrópskan. Skemmtilegt er að skoða með nemendum ítarlegri töflu yfir indóevrópsk mál sem má t.d. finna í *Íslenskri málfræði* eftir Kristján Árnason, s.hl., bls. 140, 1983 og segja þeim jafnframt að engar orðmyndir á ide. (indóevrópsku) séu til. Ef menn vilja skrifa ide. orð þurfi þeir því að stjórnumerkjja þau en stjarnan sýnir að um endurgerð/tilbúin orð er að ræða sem fundin eru með því að bera saman skyld indóevrópsk mál.

Í þessu samhengi getur verið gott að hnykkja á því hvar talið er að heimkynni indóevrópumanna hafi verið og á hvaða tíma þeir hafi hugsanlega verið uppi. Menn telja að þeir hafi átt sín heimkynni sunnan við Kákasusfjöll og norðan við núverandi Írak og hafi hugsanlega flutt frá heimkynnum sínum 3500-2500 fyrir Krist en það er þó ekki vitað með vissu.

Ekki er nauðsynlegt að dvelja lengi við indóevrópskuna en gott er að nemendur þekki ofanritaðan fróðleik og gaman getur verið að krydda málin með því að segja nemendum til dæmis söguna á bak við enska orðið *muscle*. Hægt er að byrja á því að spyrja nemendur að því hvað *hnyklaður vöðvi* minni þá á (ef kennari er í góðu skapi getur hann gefið þeim sýnishorn!). Oftast verður ekki mikið um svör en allir spekulera. Hægt er að benda þeim á tenginguna við enska orðið en það er ekki oft sem einhver kveikir á perunni sem kennari bíður eftir. Loks er hægt að varpa hulunni frá ef enginn hefur dottið á rétt svar og segja frá því að menn telji að ide. orðið yfir mús hafi verið *mūs- og að enska orðið *muscle* sé þaðan komið, þ.e. þegar vöðvi er hnyklaður er eins og mús sé að hlaupa fram og til baka. Nemendur hafa gaman af svona ljósum og rökréttum skýringum á tilurð orða. Auðvitað væri á þessu stigi hægt að staldra enn meira við og fara með nemendum í einhverjar orðsifjar ef tíminn leyfir. Það er til dæmis freistandi að slá inn slóðina www.yourdictionary.com og athuga upprunann og söguna á bak við nokkur krassandi ensk orð til að kveikja enn frekar í nemendum.

Ef tími vinnst til getur verið gagnlegt að láta nemendur lesa sem ítarefni kafla úr bók Baldurs Ragnarssonar *Mál og málsaga*, bls. 9-17, 1992. Kennari getur einnig nýtt sér það sjálfur til frekari fróðleiks.

Einnig er áhugavert að sýna nemendum útbreiðslu ide. mála með því að fara inn á vefsíðuna is.wikipedia.org og slá þar inn *indóevrópsk mál*. Til að sýna nemendum líkindi margra indóevrópskra mála samanborið við mál annarrar ættar er hægt að sýna nemendum orðalista með ide orðum annars vegar og hins vegar sömu orðum úr málum sem ekki eru af ide. uppruna og þá sjá þau glögglega muninn, sbr. t.d. bls. 40 í kennslubók og bls. 12-13 í *Máli og málsögu* eftir Baldur Ragnarsson.

Þá er vert að benda þeim á skyldleika finnsku og ungversku sem ekki eru indóverópsk mál. Gaman að velta vöngum yfir því hvernig þessum tveimur málum hefur tekist að halda velli þrátt fyrir að þau hafi ekki haft nokkurn stuðning af skyldum tungumálum í kringum sig og séu landfræðilega langt hvort frá öðru.

Þegar efnið vikur að frumgermönsku er hægt að sýna nemendum tímabilaskiptingu frumgermönskunnar yfir í nútímaíslensku:

Tímabilaskipting

I. Frumgermanska: 1500-100 e. Kr.

Engin rit eða rúnaáletranir eru til á frumgermönsku. Hún er algerlega endurgert mál. Heimildir sem stuðst er við, við endurgerð frumgermönskunnar:

- Elstu rúnaáletranir
- Samanburður innan allra germanskra mála
- Tökuorð í öðrum tungumálum eins og í finnsku og slavnesku.
- Dæmi um mannanöfn í rómverksum ritum.

II. Frumnorræna: 200-800 e.Kr.

Tímabil mikilla breytinga – á þessu tímabili verða mjög afdrifaríkar málbreytingar s.s.:

- stórabrottfall/synkópa
- hljóðvörp
- klofning

auk ýmissa samhljóðabreytinga

Helsu heimildir:

- Tökuorð í finnsku og samísku
- Rúnaristur

III. (Forn)norræna/forníslenska: 800-1300

Helstu málbreytingar:

- afdrifaríkar breytingar á sérhljóðakerfinu

Nægar heimildir um þetta tímabil og síðan.

IV. Miðíslenska: 1300-1500

Breytingar á sérhljóðakerfinu halda áfram – nokkrar afdrifaríkar breytingar á framburði samhljóða verða á þessu tímabili.

V. Nútímaíslenska: eftir 1500

Í þessu samhengi er gott að spjalla lítillega við nemendur um vesturgermani og er kennara þá í sjálfsvald sett hvort og þá hversu mikið hann fer út fyrir bókina í því efni. Vert er að benda á hvað afkomandi vesturgermönsku, enskan, hefur tekið miklum breytingum í tímans rás. Í dag er um helmingur orðaforða enskunnar af rómönskum uppruna (áhrif latínunnar, máls Rómverjanna og síðar frönsku) og um helmingur af germönskum. Gaman er að tiltaka dæmi af enskum orðum sem lifa hlið við hlið sem sýna þetta ljóslega. Má t.d. nefna orðin *hundred* og *century* þar sem hið fyrrnefnda er af germönskum uppruna en hið síðarnefnda komið úr latneska orðinu, *centum*, sem þýðir hundrað. Annað dæmi um þetta er *tooth* og *dentist* þar sem hið fyrrefna er germanskt en hið síðarnefnda komið úr latínu. Einnig má nefna að í tímans rás hefur enskan tapað miklu af beygingum sínum, meðal annars fyrir áhrif frönskunnar. Útbreiðsla enskunnar er hins vegar gríðarleg og hún hefur gífurlegan orðaforða sem gerir það meðal annars að verkum að hún er á góðri leið með að verða alþjóðamál á ýmsum sviðum í heiminum. Má þar nefna vísinda- og tölvugeirann.

Þýskan, sem er náskyld ensku, er hins vegar enn töluvert beygingamál og hefur sem slíkt varðveist miklu betur. Í þessu samhengi er hægt að bera saman valin orð úr fornensku og fornþýsku við nútímamálin og bera saman breytingar sem hafa orðið á þeim.

Í tengslum við þróun germönskunnar frá indóevrópsku mætti benda á og skýra í stuttu máli að hvaða leyti germönsk mál skera sig frá öðrum indóevrópskum málum.

Þá kemur hugtakið *germanska hljóðfærslan* óhjákvæmilega upp (sbr. bls. 40-41). Gott er að útskýra hana á eins einfaldan hátt og unnt er. Í því samhengi er upplagt að skoða orðin á bls. 41.

Í kennslubókinni er aðaláherslan lögð á afdrif ide. *p, t, k* í germönskum málum og þau borin lauslega saman við latínu og afkomendur hennar, rómönsku málin. Hægt er að sýna nemendum glæru með fleiri afbrigðum af germönsku hljóðfærslunni sbr. eftirfarandi lista:

a) Indóevrópsk *bh, dh, gh* breyttust í *f, f, h*

indóevrópska	latína	germanska
bhrāter	frāter	ísl. bróðir, e. brother
bhāgo-	fāgus	ísl. beyki, e. beech
dhwer-	foris	ísl. dyr, e. door
dheigh-	fī(n)gere	ísl. deig, e. dough
ghordho-	hortus	ísl. garður, e. yard úr geard
ghosi-	hostis	ísl. gestur, e. guest

b) Indóevrópsk *p, t, k* breyttust í *f, þ, x* (síðar *h*).

indóevrópska	latína	germanska
patēr	pater	ísl. faðir, e. father
pisk-	piscis	ísl. fiskur, e. fish
ped-	ped(em)	ísl., fótur, e. foot
peku-	pecu	ísl. fé, þ. Vieh
treyes	tres	ísl. þrír, e. three
tū	tē	ísl. þú, e. thou
ten-	tenuis	ísl. þunnur, e. thin
krn-	cornu	ísl. horn, e. horn
kwod	quod	ísl. hvað, e. what úr hwæt
kmtom	centum	ísl. hundrað, e. hundred

c) Indóevrópsk *b, d, g* breyttust í *p, t, k*

indóevrópska	latína	germanska
dwo	duo	ísl. tveir, e. two
dent-	dentis	ísl. tönn, e. tooth
dema	domare	ísl. temja, e. tame
ed-	edere	ísl. eta, e. eat
dekm	decem	ísl. tíu, e. ten
genu-	genu	ísl. kné, e. knee
grano	graneum	ísl. korn, e. corn
agro-	ager	ísl. akur, e. acre

Þegar haldið er á vit frumnorrænnar, máls norðurgermananna, getur verið gagnlegt að fara stuttlega yfir helstu atriðin í 3.3 á glæru. Þá er upplagt að nota tækifærið og sýna nemendum Gallehus hornið en mynd af því ætti að vera aðgengileg á Netinu. Hægt er að segja nemendum frá því að hornunum (sem voru tvö) hefur tvívegis verið stolið í gegnum tíðina, í seinna skiptið ekki alls fyrir löngu. Í fyrra skiptið fundust þau aldrei en sem betur fer höfðu

áður verið gerðar afsteypur af þeim. Frétt um seinni þjófnadinn birtist í DV og má finna hér: <http://www.dv.is/frettir/2007/9/17/gullhornunum-donsku-stolid/>

Í þessu samhengi er kjörið að minna á rúnirnar, stafróf germananna. Gott er að minna á að rúnaletrið er stafróf, þ.e. að hvert tákn nær yfir eitt hljóð (sbr. bls. 30 í 2. kafla).

Áður en haldið er í sjálfa íslenskuna er nauðsynlegt að gera grein fyrir þeim hljóðbreytingum sem áttu sér stað í frumnorrænni 300-800 e. Kr., þ.e. hljóðvörpum, klofningu og stórabrottfalli. Allt eru þetta breytingar sem skiluðu sér í norrænu málin, þar á meðal íslenskuna.

Gott er að sýna með skýrum og aðgengilegum glærustiklum hvenær og hvers eðlis þessar breytingar voru og vera með dæmi til hliðsjónar.

Það getur verið gagnlegt að útskýra á myndrænan hátt hvað gerðist við hljóðvörpin með því að nota sérhljóðapríhyrninginn úr hljóðfræði til hliðsjónar. Í þessum breytingum er nefnilega falin töluverð lógík og lýkst það oft upp fyrir nemendum þegar myndræna aðferðin er notuð til að skýra tilfærslurnar á hljóðunum (hvernig þau varpast á annan stað í hljóðkerfinu og svo framvegis).

Því næst er sögunni vikið að landnáminu og upphafi íslenskrar byggðar. Það efni er að mörgu leyti upprifjun fyrir nemendur og hægt að fara nokkuð rösklega yfir það á glærum. Ágætt er að leggja megináherslu á það hvenær landnámið hafi átt sér stað og hverjir hafi fyrst byggt landið. Í þessu samhengi er gaman að segja nemendum frá því að ýmislegt bendi til þess að fjöldi landnámsmanna af írskum uppruna hafi verið meiri en áður hefur verið talið. Það er líka vert að benda á að í upphafi landnáms hafi tungumálið verið vesturnorrænt (fornnorska) en að það hafi þróast á næstu öldum í forníslensku. Stundum er talað um að íslenskan sem slík hafi ekki orðið til fyrr en mörgum öldum síðar, þegar málið hafði aðgreinst það mikið frá norskunni að hægt var að tala um tvö ólík mál.

Ef tími gefst til er auðvitað hægt að láta nemendur fara á heimasíðu Þjóðminjasafnsins og finna fleiri upplýsingar þessu tengt.

Sjálfsagt er að vekja athygli nemenda á því að mállýskunur hafi með tímanum verið lítill sem enginn hér á landi. Ýmsar ástæður hafa verið nefndar til sögunnar, sbr. bls. 46 í kennslubók. Helgi Guðmundsson tínir til ýmislegt fleira í bók sinni *Um ytri aðstæður íslenskrar málpróunar*. Sjötíu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni 20. júlí 1977, bls. 314-25. Rvk. eins og glögggt má sjá á eftirfarandi lista:

1. Mállýskujöfnun
2. Íhaldssemi útflytjendamála
3. Mál án undirbyggingar
4. Málið hefur verið talað stuttan tíma í landinu
5. Íbúar landsins eintyngdir
6. Mikil fjarlægð frá öðrum tungumálum
7. Samgönguleiðir innanlands heldur greiðfærar
8. Málsvæðið er hringlaga
9. Fámennir sveitabærir
10. Dreifð byggð
11. Fastmótaðir atvinnuhættir
12. Búferlaflutningar

13. Ferðalög og flakk
14. Fólksfækkun og fólksflutningar í hallærum og drepsóttum
15. Landið var og er ein stjórnarfarsleg heild
16. Alþingi
17. Kirkjan
18. Stjórnskipleg afmörkun svæða
19. Stéttaskipting
20. Áhrif erlendar stjórnar og verslunar
21. Munnleg geymd
22. Bókmenntir
23. Málpolitík
24. Afstaða Íslendinga til málsins
25. Hreitungustefna

Þessi kafli býður upp á spjall um íslenskan veruleika á tímum landnámsins og ýmsar vangaveltur um líf Íslendinga á þeim tíma og öldunum þar á eftir.

Í samhengi við *Fyrstu málfraeðiritgerðina* er hægt að sýna nemendum á glæru sýnishorn úr ritgerðinni og gera þeim um leið grein fyrir því hvað það er í raun auðvelt fyrir þá að stauta sig fram úr mörg hundruð ára gömlum texta (sbr. einnig brot úr ritgerðinni á bls. 31 í kennslubók).

Í tengslum við fyrstu heimildir um íslenskt ritmál getur kennari líka sýnt nemendum ýmis sýnishorn af handritum en finna má dæmi um þau á heimsíðunni *Handritin heima*. Þegar farið er í blómatíma íslenskrar ritunar er hægt að skoða t.d. handrit af Völuspá og Egils sögu. Nemendur hafa gaman af því að reyna að brjótast í gegnum nokkur orð í handritinunum.

Einnig getur verið áhugavert fyrir nemendur lesa sér til um bókagerð á miðöldum, t.d. á heimasíðunni *Handritin heima*.

Hér er hægt að tylla aðeins niður fæti og nefna víkingana, hnykkja á því hvaða tímabil er við þá er kennt, hvaðan þeir hafi flestir komið, tungumáli þeirra, stafrófi (rúnir) og trú. Það er líka freistandi að benda nemendum á færni þeirra í skipasmíðum og siglingalist. Hægt er að velta vöngum yfir því hvernig þeir fóru að því að rata um höfin o.fl. en því miður gefst ekki alltaf mikill tími til slíkra vangaveltna.

Auðvitað vita menn ekki nákvæmlega hvernig forna framburðinum hefur verið háttað en Fyrsti málfraeðingurinn fer þó á greinargóðan hátt yfir framburð hvers sérhljóðs fyrir sig og tekur dæmi til að skýra mál sitt. Það er kennara í sjálfsvald sett hversu djúpt hann fer í þessa hluti og vitanlega getur hann sýnt nemendum dæmi úr ritgerðinni sjálfri þar sem er að finna orðapör sem málfraeðingurinn bar saman.

Hér má kynna hljóðritun lauslega til sögunnar og greina frá því að hún endurspeglar framburð og að oft er hún töluvert ólík stafsetningu orðanna. Taka má dæmi af nokkrum orðum og stilla þeim upp hlið við hlið - hljóðrituðum og stafsettum. Ennfremur má benda nemendum á að í upphafi stafsetja börn oft eftir framburði en læra síðar hvernig íslenskri stafsetningu er háttað. Gaman er að láta nemendur taka dæmi af einfaldri setningu og stafsetja hana í sporum ungs barns.

4. kafli Tungumál í sibreytilegum heimi

Til að gæða umfjöllunina lífi um áhrif kristnitöku og siðaskipta á íslenskan orðaforða getur verið ágætt að láta nemendur vinna verkefni því tengt. Í tengslum við áhrif kristnitökunnar er til dæmis hægt að láta nemendur semja bænir manns eða konu um það leyti sem kristnitakan á sér stað og biðja þá að strika undir þau orð sem þeir nota í bænunum sem eru kristin tökuorð af latneskum uppruna. Einnig er mögulegt að láta nemendur athuga hvort þeir noti gömul íslensk orð í bænunum en ljái þeim nýja merkingu (*nýmerking*), sbr. *blóta*, *heiðni* o.fl.

Í tengslum við áhrif siðaskiptanna á orðaforðann er til dæmis hægt að láta nemendur setja sig í spor dansks manns sem skrifar stuttan trúarlegan texta á dönsku. Nemendur geta síðan þýtt þennan texta yfir á íslensku en hafa þýðinguna viljandi töluvert dönskuskotna. Nemendur æja svolítið yfir þessu verkefni í byrjun, fyrst og fremst vegna þess að þeir segjast ekkert kunna í dönsku! Eftir um 5 ára nám! Þegar þeir hefjast handa finnst þeim þetta yfirleitt skemmtilegt og áhugavekjandi.

Í sambandi við áhrif dönsku á íslenskuna er hægt að sýna nemendum dæmi af bréfum seinni tíma menntamanna sem voru við nám í kóngsins Kaupmannahöfn (sbr. brot úr bréfi á bls. 66 í kennslubók). Þannig gera þeir sér kannski betur grein fyrir því hvað íslenskan var í raun orðin dönskuskotin á 18. og 19. öld (a.m.k. hjá menntamönnum), áður en málhreinsunarstefnan tók völdin. Þeir skilja þá kannski líka betur áhyggjur manns eins og Rasmus Rasks af framtíð íslenskunnar en árið 1818 ritaði hann eitthvað á þá leið að varla myndi nokkur Reykvíkingur skilja íslensku að 100 árum liðnum með þessu áframhaldi og svo til enginn landsmaður 200 árum eftir það ef ekki yrðu „rammar skorður við reistar“.

Í tengslum við umfjöllunina um málhreinsun á 19. öld getur verið sniðugt að láta nemendur í hópverkefni þar sem þeir skipta með sér verkum. Eitt verkefnið gæti verið að kynna sér einkenni rómantísku stefnunnar og semja jafnvel örstutt ljóð í hennar anda. Annað gæti falið í sér stutta kynningu á Fjölnismönnum og fyrir hvað þeir stóðu. Einnig væri hægt að fara á Netið og finna enn fleiri nýyrði eftir Jónas en þau eru mýmörg. Hópurinn gæti síðan kynnt orðin. Ennfremur væri hægt að kynna betur Lærdómslistafélagið og upplýsingstefnuna.

Í tengslum við umræðu um breytingar á íslenskunni í byrjun 4.1, þar sem drepíð er á beygingakerfið og orðaforðann, gæti verið áhugavert að koma aðeins inn á ólíka þróun íslensku og ensku. Íslenskan hefur varðveitt nafnorðabeygingar vel eins og áður hefur komið fram en enskan glatað þeim. Við það að hafa ekki lengur beygingar í nafnorðum til að tjá til dæmis hver gerir hvað við hvern varð orðaröðin í ensku stífar en áður. Nefna má dæmi eins og *Anna keypti köku/Anne bought a cake : Köku keypti Anna/A cake bought Anne!*

Efni 4.4 er að mestu fengið úr grein sem birtist í tímaritinu Lifandi vísindi í 2. tbl. árið 2000. Sá undirkafli er svolítið hugsaður sem tenging yfir í nútímann og tilgangur hans er aðallega sá að fá nemendur til að hugsa um stöðu mála eins og íslenskunnar og fleiri mála sem fáir tala; mála sem eru jafnvel í útrýmingarhættu.

Vert er að varpa fram spurningum eins og:

- Til hvers eigum við að varðveita íslenskuna?
- Er ekki bara langbest að ganga enskunni á vald og njóta þeirra kosta sem það býður upp á?
- Hvað gerir Íslendinga að þjóð?
- Hefur það eitthvað upp á sig að búa til nýyrði? Af hverju notum við ekki bara tökuorð og aðlögum þau að íslenskunni?
- Eigum við að kenna alfarið á ensku í háskólum landsins?
- Hvaða málstefnu ættum við að hafa?

Þessi kafli býður upp á mjög skemmtilega umræðufleti um stöðu íslenskunnar og getur svo sannarlega vakið nemendur til umhugsunar.

Svörin sem fylgja hér á eftir eru nokkuð ítarleg og gerð með það fyrir augum að þau geti nýst kennurum sem viðbótarupplýsingar við kennslubókina. Þær eru að mestu fengnar úr *Íslensku alfræðiorðabókinni*, af Netinu, úr *Máli og málsögu* eftir Baldur Ragnarsson og *Íslensku orðsifjabókinni* eftir Ásgeir Blöndal Magnússon.

Verkefni með 1. kafla – svör

1. Rökstyðjið það að tungumál manna sé guðs gjöf og hæfileikinn til að nema mál sé kominn frá guði.

Samkvæmt sköpunarsögu Biblíunnar gaf guð mannum málið. Sumir telja að tungumál sé svo ótrúlegt fyrirbæri að það hljóti að tengjast einhverju yfirnáttúrulegu eða guðlegu. Benda má á að maðurinn er eina dýrategundin sem býr yfir þeim hæfileika að geta talað tungumál.

2. Hvaða rök styðja það að tungumálið hafi þróast með mannum og hafi ekkert haft með yfirnáttúruleg öfl að gera?

Málið getur hafa kviknað út frá ákveðnum hljóðum sem maðurinn eða forfeður hans gáfu frá sér. Oft er talið að menn hafi í upphafi verið að líkja eftir einhverjum hljóðum úr náttúrunni. Hljóðin þróuðust svo og urðu flóknari með þróun mannsins. Maðurinn þurfti að geta tjáð sig um fleira og fleira eftir því sem líf hans varð flóknara.

Þegar talfæri Neanderdalsmannsins eru skoðuð má sjá að hæfni hans til hljóðmyndunar var að öllum líkindum takmörkuð. Ástæðan er talin sú að barkakýlið stóð mjög ofarlega í hálsinum. Rannsóknir benda til þess að Neanderdalsmenn hafi ekki getað myndað sérhljóðin a, í, o og ú né heldur koksamhljóða eins og g og k. Hjá nútímamanninum átti sú byltingarkennda þróun sér stað að barkinn færðist neðar í hálsinn. Þessi breyting bauð upp á mun fjölbreytilegri hljóðmyndun en áður.

Kjarni málsins er sá að maðurinn býr yfir „betri búnaði“ en aðrar lífandi verur, heilastarfsemi hans er sérhæfðari og tengist það ef til vill því að maðurinn virðist búa yfir ótæmandi hugarflugi.

3. Getur sköpunarsaga Biblíunnar á einhvern hátt samrýmst þróunarkenningu Darwins?

Þróunarkenning Darwins gekk þvert á trú kirkjunnar manna á sköpunarsögu Biblíunnar. Samkvæmt sköpunarsögunni steig Adam fram fullskapaður og guð gaf honum mál. Þróunarkenning Darwins gengur hins vegar út á það að lífverur hafi ekki verið skapaðar í eitt skipti fyrir öll heldur hafi maðurinn þróast út frá sameiginlegum forföður sem var langt frá því að vera eins og maðurinn er í dag.

Margir kristnir fræðimenn segja að sköpunarsaga Biblíunnar sé myndræn lýsing og að ekki beri að skilja hana bókstaflega. Sköpunarsaga Biblíunnar undirstriki hins vegar

skýrt að hver tegund var sjálfstæð en ekki þróuð úr annarri eins og þróunarkenningin felur í sér.

4. Geta dýr tjáð sig? Ef svo er, í hvaða skilningi og hvað nær tjáning þeirra langt?

Sum dýr geta tjáð sig á einhvern hátt. Þau gefa þá frá sér ákveðin hljóð eða sýna ákveðnar hreyfingar, t.d. í tengslum við mökun. Heimiliskettir virðast hafa lært það að mjálm geti gefið eiganda ákveðin skilaboð. Mjálmið veitir þeim þá t.d. fæði, strokur o.fl. Hundaeigendur efast ekki um að hundarnir þeirra geti tjáð sig með t.d. látbragði. Býflugur dansa t.d. ákveðinn dans til að gefa til kynna hvar fæði sé að finna. Páfagaukar virðast geta lært að segja orð en yfirleitt er talið að enginn skilningur sé að baki þegar þeir herma eftir á þann hátt. Hæfileiki þeirra liggur víst ekki í málgreind heldur fyrst og fremst í uppbyggingu barkakýlisins.

Ábending:

Hér að ofan hafa einungis verið nefnd nokkur dæmi. Það getur verið sniðugt þegar nemendur svara þessari spurningu að láta þá vafra um Netið og finna dæmi, t.d. á Vísindavefnum.

5. Ein dýrategund hefur getað lært táknmál upp að vissu marki en ekki náð valdi á mismunandi hljóðum til að tjá málið með tali. Hvaða dýrategund er þetta og hvað teljið þið að hamli því að hún geti lært tungumál?

Simpansar hafa getað lært táknmál. Þeir geta þó ekki lært að mynda hljóð á við menn. Meginskýringin liggur í byggingu talfæranna. Auk þess er heilastarfsemi mannsins flóknari og hæfileikinn til máls því meiri. Rannsóknir hafa sýnt að simpansar eru að öllum líkindum næstgreindasta dýrategundin á eftir mannum. Auk þess að geta lært tákni eru þeir færir um að sýna ótal svipbrigði sem lýsa tilfinningaástandi þeirra.

Ein almerkasta tilraunin til að meta gáfnafar dýra (prímata) var framkvæmd á þremur bonobo-öpum. Niðurstöður sýndu að umræddir apar gátu tengt töluð orð við myndir og sannaði það að mati vísindamannanna að þeir skildu merkingarlega hvað umrædd orð þýddu. Finna má ítarlegri frásögn af þessari tilraun á Vísindavefnum.

6. Hvernig getur heyrnarlaust og mállaust fólk lært að tala? Getur táknmál orðið eins fullkomið og talmál?

Heyrnarlaust og mállaust fólk getur notast við táknmál. Táknin bera málið uppi en hins vegar fær t.d. augnsamband aukið vægi. Einnig hafa svipbrigði og líkamsstaða áhrif á merkingu og blæbrigði. Þessir þættir eru í raun hluti af málfræði táknmáls. Svipbrigði gegna t.d. oft því hlutverki að sýna hvort um spurningu eða fullyrðingu er að ræða. Einnig er t.d. munur á svipbrigðum eftir því hvort merking er *feitur* eða *mjög feitur*. Táknmál er því það sem kalla má „fullkomið“ mál. Þess ber að geta að táknmál er ólíkt milli landa.

Ábending:

Það getur verið sniðugt að láta nemendur leita svara við spurningum 4, 5 og 6 á Netinu, t.d. á Vísindavefnum. Þá er upplagt að skipta nemendum í hópa, skipta spurningunum á milli hópanna og láta þá gera grein fyrir því sem þeir finna.

7. Skýrið stuttlega eftirfarandi hugtök. Sumt er að finna í kennsluheftinu, öðru þarf að fletta upp annars staðar. Íslenska alfræðiorðabókin kemur örugglega að góðum notum og eitthvað ætti að finnast á Netinu.

*** = stutt umfjöllun í kennsluhefti.**

latína: Er indóevrópskt tungumál af flokki ítálískra mála. Hún er þekkt frá því um 250 f.Kr. sem mállýska í héraðinu Latíum þar sem borgrikið Róm var en breiddist síðar út um allt Rómaveldi.

Latína er beygingamál og hefur m.a. sex föll, þrjú kyn, tvær tölur og flókna sagnbeygingu.

Klassísk latína var ritmál yfirstéttar á gullöldinni (100 f.Kr.-14 e. Kr.). Talmálið, *alþýðulátína*, skiptist í fjölmargar mállýskur sem rómönsk mál eru runnin frá. *Miðaldalátína* var notuð sem kirkju-, fræði- og stjórnsýslumál í Evrópu fram á 19. öld og var opinbert mál rómversk-kaþólsku kirkjunnar fram yfir miðja 20. öld.

Latína hefur haft mikil áhrif á orðaforða, málfræði og setningafræði annarra evrópumála.

hebreska: Er semískt tungumál (flokkur tungumála sem töluð eru í Miðausturlöndum og N-Afríku). Hún er aðalmál Gamla testamentisins og var töluð í Palestínu á 9.-3. öld f.Kr. Á 4. öld varð arameíska (náskyld hebresku) ríkjandi talmál þar en hebreska lifði áfram sem trúarmál Gyðinga. Hebreska hefur verið opinbert mál í Ísrael frá 1948.

þróunarkenning Darwins*: Lífverur voru ekki skapaðar í eitt skipti fyrir öll heldur þróuðust þær í tímans rás. Þróunin varð frá hinu einfalda til þess flókna og kjarninn í kenningunni er sá að þeir hæfustu lifa af.

indóevrópska*: Er útbreiddasta tungumálafylking veraldar og forfaðir fjölda málaflókka, þ.á.m. germanskra og rómanskra mála. Mál sem komin eru af henni urðu meðal annars útbreidd í Evrópu og á Indlandi. Talið er að hún hafi verið töluð fyrir 6-7 þúsund árum síðan.

samanburðarmálfræði*: Fræðigrein sem flokkar tungumál eftir skyldleika. Þannig er reynt að finna þeim réttan stað á ættartré og þróun þeirra rakin aftur til sameiginlegs forföður.

Rekja má upphaf fræðigreinarinnar til rannsókna evrópskra fræðimanna seint á 18. öld á fornindversku máli sem kalla *sanskrit*. Fræðigreinin olli straumhvörfum í

hugmyndum manna um uppruna tungumála þar sem goðsögulegar hugmyndir viku fyrir vísindalegri hugsun.

Rasmus Rask er þekktur fræðimaður á sviði samanburðarmálfræði og var fyrstur manna til að gera sér grein fyrir grundvallarmuninum á germönskum og rómönskum málum (sbr. kafla 3.1).

Verkefni með 2. kafla – svör

1. Lýsið myndlettri. Hverjir eru kostir þess og gallar?

Myndletur er skrifletur þar sem hvert tákn vísar til orðs eða hugtaks og er táknið þá ekki tengt hljóði eða framburði. Í upphafi var táknið oftast eins og mynd af hugtakinu sem það lýsti, mynd af sól = sól o.s.frv. Kostir myndletursins eru þeir hve auðvelt hefur verið að skilja lettrið. Gallarnir felast í því hve mörg tákn þurfti að nota og að ekki er hægt að myndgera alla hluti. Það hefur líka verið seinlegt að skrifa/teikna upphaflega myndlettrið.

2. Fleygrúnir eru myndletur. Hver er munurinn á þeim og upphaflegu myndlettri?

Munurinn á fleygrúnum og upphaflegu myndlettri felst í því að fleygrúnir eru tákn en ekki myndgerð eftirlíking af hugtakinu eða fyrirbærinu sem það á að tákna eða vísa til. Fleyglaga tákn voru gerð með áhaldi sem var þrýst niður í blautan leir sem síðan var þurrkaður í sólinni. Varð lettrið þannig nær óafmáanlegt.

3. Hvaða þjóð notar orðaskrift og hverjir eru kostir hennar og gallar?

Kínverjar nota orðaskrift en hún er ein gerð af myndlettri. Kostir hennar felast í því að hún tengist ekki framburði og því geta menn lært ritmálið þó þeir kunni ekki framburð málsins eða tali ólíkar mállýskur. Gallinn felst í því hve gríðarlega mörg tákn hver maður þarf að kunna til þess að geta nýtt sér orðaskriftina. Tíu ára börn þurfa til dæmis að kunna um 2000 tákn og kínversk orðabók getur innihaldið allt að 50.000 tákn

4. Hvað felur stafrófsskrift í sér? Hverjir eru kostir hennar og gallar?

Í stafrófsskrift tákna hvert tákn/bókstafur ákveðið máhljóð. Kosturinn við hana er sá að táknið eru tiltölulega fá og þeim er hægt að raða saman á óteljandi vegu. Gallinn við stafrófsskrift er að sá sem ætlar að nota hana þarf að geta talað málið því að stafrófsskrift tengist máhljóðum og framburði þeirra. Til eru ólík stafróf í heiminum og má þar nefna grískt stafróf og kyrillískt stafróf (rússneskt). Íslenska stafrófið er byggt á latnesku stafrófi og talið er að norrænu rúnirnar séu það einnig, að minnsta kosti að hluta til.

Ábending:

Það er sniðugt að láta nemendur vinna verkefni 5 og 6 saman í hóp. Hver hópur semur stuttan myndrænan texta, býr til myndletur og snýr því síðan yfir í stafrófsskrift sem þeir búa til sjálfir (þ.e. hanna stafina sjálfir). Hóparnir setja afraksturinn á glæru og síðan getur verið gaman að láta aðra nemendur lesa úr „letrunum“.

5. Búið til örstutta myndræna lýsingu (1–2 málsgreinar). Skrifðu hana með myndlettri þar sem því verður við komið. Búið hin tákni til.

Dæmi um málsgreinar:

Broshýra stelpan dansaði lengi og fór síðan heim að sofa.

Hundurinn galti hátt og hljóp hratt inn í húsið.

6. Skrifðu sömu lýsingu með stafrófsskrift þar sem þið hannið eða búið til ykkar eigin stafi.

Ábending:

Verkefni 6 er líka hægt að útfæra á þann hátt að hver hópur býr til þriggja orða setningu og skrifar setninguna með eigin stafrófsskrift. Setningin er síðan skrifuð á töfluna (eða sýnd á glæru) og hinir í bekknum reyna að finna út hvað stendur. Til þess er hægt að nota „hengimann“ leikinn.

7. Skrifðu upp eftirfarandi orð með rúnalettri og styðjist við rúnastafrófið í kafla 2.5.

meri barn fugl sopi

Ábending:

Hér gæti verið gaman að láta nemendur líka skrifa nafnið sitt með rúnastafrófi.

8. Skýrið stuttlega eftirfarandi hugtök. Sumt er að finna í kennsluheftinu, öðru þarf að fletta upp annars staðar. Íslenska alfræðiorðabókin kemur örugglega að góðum notum og eitthvað ætti að finnast á Netinu.

* = stutt umfjöllun í kennsluhefti.

Súmerar*: bjuggu í S-Mesópótamíu (þar sem nú er Írak) og er uppruni þeirra óþekktur. Þeir fluttu á slétturnar við fljótin Efrat og Tígrið um 3500 fyrir Krist og þróuðu með tímanum áveitukerfi til að nýta fljótaleðjuna. Þannig gátu þeir vökvað skraufþurrt landið og komið í veg fyrir að það yrði alger eyðimörk. Uppskeyra landsins varð mikil og átti leirinn í fljótunum ekki síst þátt í því. Um 2500 f.Kr. höfðu þeir skipulagt fjölda borgrikja sem áttu stundum í innbyrðis deilum en stundum sameinuðust þeir.

Hjá Súmerum var stéttaskipting mikil og trú þeirra skipti miklu máli. Ríkið var í raun trúarstofnun og æðsti höfðingi þeirra var jafnframt æðsti presturinn. Smám saman blönduðust Súmerar Semítum frá Arabíu og hurfu þeir loks sem sérstök þjóð eftir 2000 fyrir Krist.

Ýmsar nýjungar eru taldar vera komnar frá Súmerum og má þar nefna *plóginn* og *hjólíð*. Þeir létu einnig eftir sig *fleygrúnalettrið*. Það þróaðist úr myndlettri og er kallað svo því að tákni voru gerð með fleyg sem var þrýst niður í blautan leir sem síðan var þurrkaður í sólinni. Varð lettrið þannig nær óafmáanlegt.

Föníkíumenn*: Þjuggu frá því um 1200 f. Kr. fyrir botni Miðjarðarhafs, sunnan og vestan við Síryland og norðan við Palestínu. Menning þeirra átti sér einkum rætur í egypskri og babýlónskri menningu. Föníkía skiptist í borgríki sem réðu mestu um verslun og siglingar á austanverðu Miðjarðarhafi 1150-700 f. Kr. Þeir komu sér upp verslunarstöðum á Spáni, í Suður-Frakklandi og í Norður-Afríku. Föníkíumenn miðluðu menningu milli Austurlanda nær og Evrópu og breiddu meðal annars út stafrófið.

Grikkir: Um 2000 f.Kr. þjuggu í Grikklandi þjóðflokkar sem voru upprunnir frá Litlu-Asíu (Litla-Asía svarar nokkurn veginn til Asíuhluta Tyrklands). Síðar fluttu fleiri þjóðflokkar til Grikklands (Akkear, Eólar og Jónar) og sköpuðu þar ákveðna menningu sem var síðan tortímt af Dórum. Dórar komu til Grikklands úr norðri og hröktu Jóna til Hringeyja (eyjar við Grikkland – *Kykladeseyjar*) og vesturstrandar Litlu-Asíu sem síðar varð vagga klassískrar grískrar menningar.

1100-800 f. Kr. þjuggu Grikkir í frumstæðum og einöngruðum ættarsamfélögum sem lifðu á landbúnaði. Úr þeim þróaðist síðan fjöldi borgríkja.

Tengsl við V-Asíu og Egyptaland auðguðu gríska menningu og má nefna að gríska stafrófið þróaðist af stafrófi Föníkímanna (Föníkía var fornríki í Litlu-Asíu) frá því um 1000 f.Kr. Grikkir nota enn þann dag í dag hið forna gríska stafróf. Grískan hefur haft mikil áhrif á orðaforða margra vestrænna mála, einkum í vísindum og tækni.

Í kjölfar landvinninga Alexanders mikla (4. öld f.Kr.) blandaðist grísk menning austurlenskri menningu. Í menningarborgum Grikklands (s.s. Alexandríu, Antíokkíu og Pergamon) blómstruðu mjög vísindi og listir.

Á 2. öld f.Kr. lögðu Rómverjar Grikkland undir sig og það varð rómverskt skattland. Þegar Rómaveldi var skipt upp 395 e.Kr. fylgdi Grikkland Býsanska ríkinu (Austurrómverska ríkinu) og var hluti þess til ársins 1204. Þá hertóku vestureverópskir krossfara Konstantínópel (Istanbul) og var Grikklandi skipt niður í lénsríki. Tyrkir sóttu síðan fram á 14. öld og 1503 hafði allt Grikkland verið innlimað í veldi þeirra. Eftir frelsisstríð Grikkja 1821-29 viðurkenndi Tyrkjasoldán sjálfstæði grískt konungsdæmis sunnan Voloflóa. Ríkið stækkaði síðan smám saman á kostnað Tyrkja en styr stóð þó um landið langt fram á 20. öld.

Rómverjar: Rómaveldi var heimsveldi í fornöld en þegar það var stærst (á 2. öld e.Kr.) tilheyrði stærsti hluti V-Evrópu því auk landsvæða í Litlu-Asíu og N-Afríku. Upphaf Rómaveldis var borgríkið Róm í Latíum á Mið-Ítalíu en um 275 f.Kr. höfðu Rómverjar lagt undir sig allan Ítalíuskaga norður að Pósléttu. Þeir stækkuðu smám saman veldi sitt og Róm varð mikil verslunarmiðstöð. (Ath. kort af Rómaveldi á þeim tíma er að finna á Vísindavefnum undir spurningunni: „Hvað réðu Rómverjar yfir mörgum löndum þegar veldi þeirra var mest?“).

myndletur*: Sjá umfjöllun í bók og verkefni 1.

fleygrúnir*: Sjá umfjöllun í bók og verkefni 2.

orðaskrift*: Sjá umfjöllun í bók og verkefni 3.

atkvæðaskrift*: Sjá umfjöllun í bók

stafróf*: Sjá umfjöllun í bók og verkefni 4.

rúnir: Rúnir voru elsta skrifletrið hjá germönskum þjóðum og kom fram á 1. öld e.Kr. Eldra rúnalettrið var með 24 stöfum og nefndist *fiþark* eftir fyrstu sex stöfunum. Það var notað í um 600 ár (frá 2. öld e.Kr. til 8. aldar). Í yngra rúnalettrinu voru 16 stafir og var það notað frá um 750. Þær hafa bara fundist á Norðurlöndum og í Bretlandi og þá fyrst og fremst á rúnasteinum. Til dæmis hafa fundist um 3000 rúnaristur í Svíþjóð frá víkingaöld. Á Íslandi tók latínuletrið við af rúnalettrinu í kringum 1000.

Verkefni með 3. kafla – svör

1. Finnið fimm orð sem byrja á *p* í frönsku eða spænsku en *f* í íslensku. Finnið samsvarandi orð í ensku. Er enskan germanskt eða rómanskt mál?

Hugmynd að svari:

franska	enska	íslenska
<i>passif</i>	<i>passive</i>	
<i>peindre</i>	<i>paint</i>	
<i>prosperité</i>	<i>prosperity</i>	
<i>père</i>	<i>father</i>	<i>faðir</i>
<i>pitié</i>	<i>pity</i>	
<i>piéd</i>	<i>foot</i>	<i>fótur</i>
<i>pisciculture</i>	<i>fish culture</i>	<i>fiskmenning</i>
<i>pour</i>	<i>for</i>	<i>fyrir</i>

Enskan er vesturgermanskt mál. Í enskunnni er þó að finna fjöldann allan af tökuorðum úr latínu sem komin eru frá Rómverjum. Talið er að um helmingur af enskum orðaforða sé af latneskum uppruna og hinn helmingurinn vesturgermanskur. Við myndun nýyrða í ensku eru líka gjarnan notuð latnesk tökuorð, sérstaklega í tækni og vísindum.

Ofanrituð orð sýna að enskan hefur ýmist *p* eða *f* í upphafi orðs. Þau sem hefjast á *p* eru latnesk tökuorð (franskan er komin af latínu) en þau sem byrja á *f* hafa orðið fyrir *germanskri hljóðfærslu* (þar sem *p* breytist í *f*) og eru germönsk að uppruna.

2. Finnið fimm orð sem byrja á *t* í frönsku eða spænsku. Á hvaða staf byrja þessi orð í íslensku? Er hægt að finna einhverja reglu út úr þessum athugunum?

Hugmynd að svari:

franska	íslenska
<i>trois</i>	<i>þrír</i>
<i>taire</i>	<i>þegja</i>
<i>ténu</i>	<i>þunnur</i>
<i>tarir</i>	<i>þorna</i>
<i>tendre</i>	<i>þenja</i>

Ofanrituð orð byrja á *þ* í íslensku en á *t* í frönskunni. Í *germönsku hljóðfærslunni* breyttist *t* í upphafi orða í *þ* í germönskum málum en það gerðist ekki í öðrum indóevrópskum málum.

Ábending:

Gott er að láta nemendur vinna fyrstu tvær spurningarnar í hópum og leggja þeim til orðabækur eða láta þá bjarga sér með því að leita á Netinu. Það tekur svolítinn tíma að finna samsvarandi orð og væri örugglega of snúið fyrir þau að gera það ein heima.

Til að einfalda þetta verkefni er hægt að búa til orðarugl úr frönsku orðunum upp á töflu og láta nemendur finna samsvarandi íslensk og ensk orð og leiða af því hluta af þeim reglubundnu hljóðabreytingum sem áttu sér stað í germönsku hljóðfærslunni. Hægt er að nota þá orðin sem eru í svörunum við verkefni 1 og 2.

3. Teiknið ættartöflu norrænna mála (vestur- og austurnorrænna) og rekið þau aftur til indóevrópskunnar.

Svar: Hér er gott að styðjast við ættartréð sem er í kafla 3.2.

Ábending:

Hér er líka hægt að láta tvo og tvo vinna saman án bókar og láta þá rifja ættartöluna upp eftir minni.

Það er líka hægt að stækka eða útfæra þessa spurningu á marga vegu og láta nemendur rekja hin og þessi mál saman.

4. Hvaða mál töluðu Rómverjar? Hvaða mál eru af rómönskum uppruna?

Svar: Rómverjar töluðu latínu. Af latneskum uppruna eru *franska, spænska, ítalska, portúgalska* og *rúmenska*.

Ábending:

Hér er hægt að bæta við og vekja athygli nemenda á því hve heimsveldi Rómverja var víðfeðmt og hvað latínan hafði gríðarlega mikil áhrif á önnur mál. Má þar sérstaklega benda á enskuna (sbr. 1. spurningu).

Hægt er að láta nemendur vinna með einhver orð úr latínu úr orðalista sem kennari útbýr þannig að þeir finni samsvarandi orð í ensku og íslensku. Þá sjá nemendur svart á hvítu hvað tökuorðin úr latínu eru ótrúlega algeng í ensku. Dæmi um orð sem hægt er að nota eru:

fagus (beyki), *piscis* (fiskur), *dentis* (tönn), *foris* (dyr), *tenuis* (þunnur), *decem* (tíu), *hostis* (gestur), *centum* (hundrað), *graneum* (korn).

Þegar hliðstæð ensk orð eru fundin má sjá að stundum á enskan til bæði germanskt orð og latneskt tökuorð fyrir samsvarandi hluti, dæmi: *hundred/century*, *tooth/dentist*, *grain/corn* o.fl. Það er gaman að velta vöngum yfir svona hlutum með nemendum og þeir átta sig þannig betur á skyldleika málanna, hvað sameinar þau og hvað greinir þau að.

5. Finnið tíu orð í íslensku sem ýmist eru hljóðverpt eða hafa orðið fyrir klofningu. Reyndu að finna skyld orð sem ekki hafa orðið fyrir hljóðvarpi eða klofningu.

Hugmynd að svari:

	hljóðverpt orð	„klofin“ orð
gefa	gifting	gjöf, gjafir
fara	för, ferð, færð	fjörður, fjarðar
burður	byrði	
fell		fjall, fjöll
fullur	fylla	
taka	tæki, tók, tök	
eta		jötunn, jata
flutningur	flytja	
land	lönd, lending	
gala	gelur	
saka	sök, sekur	

Ábending:

Hér er hægt að láta nemendur leika sér með orðsifjar og finna skyldleika orða og rekja þau saman. Hægt er að láta þá rekja einföld orð aftur til frumnorrænu með einhverri hjálp frá kennara.

Til dæmis er hægt að segja nemendum að sagnir enduðu í nafnhætti á *-an* í frumnorrænu og leyfa þeim að spreyta sig á að rekja til baka nútímamyndir sagna. Hægt er að taka dæmi af so. *að fylla* og so. *að dæma* en frumnorrænu myndirnar af þeim voru **fullian* og **dómian*.

Með því að nota töfluna í kafla 3.3 ættu nemendur að geta séð að í báðum sögnunum hefur orðið *i*-hljóðvarp (*u->y; ó->æ*) og síðan hefur *i* (hljóðvarpsvaldurinn) fallið í *stórabrottfalli* og *n* í bakstöðu hefur fallið í áhersluleysi.

Það er líka gaman að segja þeim að ekki hafi orðið samsvarandi klofning í vesturgermönsku málum og því eigi íslenskan til *jörð* en enskan *earth* og þýskan *Erde* (þ.e. *e* klofnar í norðurgermönsku/frumnorrænu í *jö* eða *ja* en það gerðist ekki í vesturgermönsku málunum).

6. Endurskrifið eftirfarandi málsgreinar samkvæmt framburði.

Er mikill munur á stafsetningunni og framburðinum? Í hverju er hann fólgin?

Hugmynd að svari (ath. að hér er um nokkuð grófa útfærslu að svari að ræða en ekki nákvæma hljóðritun):

Hvað hefurðu lært í dag? „Kva(þ) hefur(ð)u lærd í dag?“

Finnst þér skemmtilegt í skólanum? „Finnst þér skjemmdilegd í sgoúlanum?“

Stundum langar mig að flytja út á land. „Sdundum lángr mig a(þ) flidja úd á land.“

Ég hef kennt allan daginn. „Je(g) hev kjennd adlan daíjinn.“

Hann komst varla heim því að þeir höfðu tapað leiknum. „Hann komsd vadla heim því a þeir hövðu tabað leihgnum.“

(Ath. að í sumum orðum er *g* borið fram öngmælt.)

Eins og sjá má er töluverður munur á stafsetningunni og framburðinum. Til dæmis má nefna tvíhljóð í framburði á undan *ng* og *nk* og *kv* þar sem stafsett er *hv*. Sá stafsetningarframburður lifir þó enn í vestfirskum einhljóðaframburði og sunnlenskum *hv*-framburði. Einnig má nefna að táknið fyrir *y* hefur sama framburð og *i*. Auk þess er *rl* ekki borið fram skv. stafsetningu nema hjá þeim sem hafa mállýskuframburðinn *rl* og *rn*.

Það má nefna ýmislegt fleira og tengja þá umræðu við mállýskur á Íslandi. Vert er að velta því fyrir sér hvort mállýskurnar á Íslandi endurspegli eldri framburð. Hér er líka hægt að minnst eitthvað á hljóðfræði og sýna nemendum til dæmis mismunandi hljóðfræðitákn af stafsetningartákninu *g* en það er borið fram á fjóra mismunandi vegu, allt eftir nágrannahljóðum. Í stafrófum táknar nefnilega 1 stafur ekki alltaf eitt hljóð þó að það geri það í flestum tilvikum.

Það má líka benda á það að í ensku er framburðurinn mjög ólíkur rithætti. Þar er t.d. hægt að taka sem dæmi orðin: *beautiful, house, name, mountain*. Í ensku er því ekki notuð sama aðferð við lestrarkennslu því að í raun er ómögulegt að kenna nemendum að „kveða að“ eins og gert er í íslensku. Þá er meiri áhersla lögð á að lesa hvert orð.

7. Ímyndið ykkur að það standi til að leggja *y, j, og ey* niður á næsta ári og skylda alla til að nota einfalt *i, í* og *ei*. Skrifðið stutta grein þar sem þið mótmælið þessu harðlega og styðjið mál ykkar rökum.

Hugmynd að svari:

Hér er hægt að tína ýmislegt til en kjarni beggja hliða kemur fram í bókinni. Það að skrifa ufsilon hefur enga hljóðfræðilega merkingu lengur því að framburðurinn á því er löngu runninn saman við framburðinn á einföldu *i*. Því gætu sumir sagt að það væri þess vegna enginn tilgangur fólginu í því að skrifa ufsilon og að það flækti eingöngu málin og gerði ýmsum mjög erfitt fyrir.

Þeir sem héldu fram tilgangi þess að skrifa ufsilonið áfram myndu eflaust róa á málsöguleg mið og benda á að ufsilonið gefi vísbendingar um skyldleika við önnur orð og hafi því málsögulegt gildi. Hætta væri á að orð sem væru ekkert skyld rynnu saman í stafsetningu og einungis hægt að átta sig á muninum með því að átta sig á samhenginu í textanum, sbr. *Matarlyst er tærasta listin* (**Matarlistin er tærasta listin*).

Ábending:

Hér væri gaman að láta nemendur taka þátt í rökræðukeppni þar sem þeir tækjust á um þessi mál. Þeir gætu þá valið sér framsögumann og meðmælendur og kennarinn ákveðið tímamörk og fleira.

**8. Skoðið eftirfarandi orð og hafið í huga að z er ritháttur á *ts, ðs, og ds*.
Hvers vegna voru þessi orð rituð með z? Hvaða skyldum orðum tengjast þau?**

áherzla íslenzka tízka elztur mállýzka

Svar:

áherzla tengist því að **herða á**, þ.e. „áherðsla“ (þar sem *ðs* var táknað með *z*).

íslenzka tengist **landi íss**, þ.e. „íslenska“ (þar sem *ds* var táknað með *z*).

tízka tengist **tíðarandanum**, þ.e. „tíðska“ (þar sem *ðs* var táknað með *z*).

elztur tengist **aldri**, þ.e. „eldstur“ (þar sem *ds* var táknað með *z*).

mállýzka tengist **máli lýðsins**, þ.e. „mállýðska“ (þar sem *ðs* var táknað með *z*).

9. a) Umritið eftirfarandi málgreinar með fornum framburði og hafið til hliðsjónar töfluna í kafla 3.8.

Svar:

Hundurinn át ólína. = „Húndúrinna at oolína.“

Maðurinn henti honum út í garð. = „Maðúrinna hintí honúm úút íí garð.“

Þar spangólaði hann ótrúlega hátt. = „Þar spangoolaði hann ootróúlíga haatt.“

Rauði hesturinn eyddi öllu þolinu í hlaupinu. = „Raúði histúrinna öíddí ollú þolínú íí hlaúpínú.“

Þess ber að geta að líklega hefur forníslenski framburðurinn verið um það bil á þessa leið þó að einhver ónákvæmni kunnist vera á stöku stað. *Fyrsta málfræðiritgerðin* gerir mönnum kleift að átta sig nokkurn veginn á framburði sérhljóðanna í kringum 1100.

**b) Lesið málsgreinarnar upphátt með forna framburðinum.
Finnst ykkur framburðurinn minna ykkur á eitthvert annað tungumál en íslenskuna?**

Hugmynd að svari:

Sumum nemendum finnst þetta minna á færeysku.

10. Skýrið stuttlega eftirfarandi hugtök. Sumt er að finna í kennsluheftinu, öðru þarf að fletta upp annars staðar. Íslenska alfræðiorðabókin kemur örugglega að góðum notum og eitthvað ætti að finnast á Netinu.

*** = stutt umfjöllun í kennsluhefti.**

germanska málaættin*: Ágæt grein er gerð fyrir þessu í bókinni.

germanska hljóðfærslan*: Í bókinni er farið ágætlega í hluta germönsku hljóðfærslunnar. Hægt er að gera nánari grein fyrir henni en höfundum finnst það ekki endilega nauðsynlegt. Það er gott að gefa nemendum þessa nasasjón og leggja áherslu á að þeir skilji að germönsku málin fóru að sumu leyti aðra leið en önnur indóevrópsk mál.

Það er líka hægt að útskýra fyrir nemendum að í öðrum indóevrópskum málum réðu til dæmis önnur hljóðlög málaferðinni. Til að mynda þróaðist *k* í byrjun orða á *s* í indversku málaættinni (og þeirri írönsku en þar á meðal er persneska), sbr. orðið yfir *hundrað* sem í indverskum málum er *satem* en í ýmsum öðrum málaættum *kentum* (í germönskum málum þróaðist hins vegar indóevrópskt *k* í *h*, sbr. germönsku hljóðfærsluna).

Það er líka gaman að segja nemendum að öll orð í íslensku sem byrja á bókstafnum *p* eru tökuorð. Það stafar af því að hluti af germönsku hljóðfærslunni (sem ekki er minnst á í bókinni) fólst í því að indóevrópskt *b* breyttist í *p* en hins vegar hafa ekki fundist dæmi um indóevrópsk orð sem byrja á *b* (vafi leikur reyndar á einu orði). Indóevrópskt *p* hafði hins vegar breyst í *f* í germönskum málum en ekki til dæmis í rómönsku málaættinni (sbr. latína). Þar var því til gnótt orða sem hófust á *p* og því eru orð eins og *Pétur*, *perla*, *pípa* o.s.frv. öll tökuorð, flest úr latínu og þaðan eru mörg komin úr grísku.

Rasmus Rask*: Nokkuð góð grein er gerð fyrir Rask í heftinu en hægt er að benda nemendum á ítarefni um hann í hinum ýmsu sögubókum eða á Netinu. Nefna má að hann var aðalhvatamaður að stofnun Hins íslenska bókmenntafélags 1816 og fyrsti forseti þess.

frumgermanska: Germanir voru uppi um 1500 f. Kr. til um 100 e. Kr. Frumgermanskan var töluð á öllu germanska málsvæðinu sem var í Skandinavíu og í Norður-Þýskalandi um Krists burð. Hún greindist með tímanum í mállýskur þar sem talað er um vesturgermönsku, austurgermönsku og norðurgermönsku..

Engar heimildir eru til um frumgermönskuna. Þegar reynt er að endurgera hana er helst stuðst við:

elstu rúnaáletranir
samanburð milli allra germanskra mála
tökuorð í öðrum tungumálum eins og í finnsku og slavnesku
dæmi um mannanöfn í rómverskum ritum.

Elsta heimild sem varðveist hefur um germanskt mál er gotneska *Silfurbíblían* sem er til í afriti frá 5. öld og endurspeglar líklega gotnesku frá 4. öld.

Í indóevrópsku var áhersla í orðum ekki ávallt á 1. atkvæði heldur gat hún verið breytileg. Má nefna dæmi úr latínu þar sem áherslan innan sama orðs er ekki á sama

atkvæði heldur breytileg eftir því í hvaða falli orðið er. Í germönsku gerðist það hins vegar að áhersla orða festist á fyrsta atkvæði og í íslensku er það allsherjarregla.

Einnig má nefna nýjung í germönsku sem fólst í því að sérstakt þátíðarform þróaðist með tannhljóðsviðskeyti, sbr. þátíð veikra sagna, æfði, kallaði, taldi og elti.

gotneska*: Ekki er mikið vitað um upphaf Gota en það er talið að þeir hafi í upphafi búið í Gotlandi (eyju sem tilheyrir Svíþjóð) og á meginlandi Svíþjóðar. Þeir fluttu til Eystrasalts um Krists burð og vitað er að þeir stofnuðu mikið ríki við Svartahaf. Þeir tóku kristni á 4. öld og í bókinni er minnst á mikilvægi *Silfurbibliunnar* svokölluðu sem biskup að nafni Wulfila (litli úlfur) þýddi. Hann vann að kristniboði meðal Gota og bjó til stafróf fyrir þá. Hann var þó ekki gotneskur að uppruna heldur ólst upp með þeim og var uppi á 4. öld. Gotneskan er elst germönsku málanna sem varðveist hefur í handriti.

Ábending:

Það er mjög gaman að sýna nemendum brot úr „Faðirvorinu“ á gotnesku og láta þá reyna að lesa úr því og bera saman við samasvarandi texta á íslensku (sjá t.d.

http://www.flensborg.is/sveinn/Skrar/handr/Atta_unsar.htm). Vert er að benda þeim á að þarna er um að ræða mjög fornan germanskan texta. Til samanburðar er einnig hægt að láta nemendur spreyta sig á hluta af fornenska „Faðirvorinu“ frá lokum 10. aldar (sjá t.d.

<http://malfridur.ismennt.is/vor2002/vol-18-1-21-26-thorhallur-eyj.htm>) Það er mesta furða hvað nemendum tekst að krefsa sig fram úr þessu textum þegar þeir þekkja efnið og hafa íslenskuna til viðmiðunar. Þeir sjá skyldleika málanna glögg með því að skoða og bera þetta saman. Það getur verið sniðugt að láta nemendur spreyta sig á að finna 5-10 orð úr „Faðirvorinu“, gotneska og/eða fornenska, og láta þá greina orðflokk, fall/tíð og bera saman við íslenskuna.

mállýska: Er málaafbrigði sem er bundið við tiltekið landssvæði eða þjóðfélagsstétt. Á Íslandi eru mállýskur aðallega tengdar framburðarmun en sá munur er mjög lítill og því er auðvelt fyrir alla Íslendinga að skilja hver annan. Í sumum löndum geta mállýskur verið mjög ólíkar, t.d. hvað varðar framburð eða orðaval, og getur munurinn orðið það mikill að fólk sem býr á mismunandi svæðum í sama landi skilur illa eða alls ekki hvert annað.

ragnarök: Í eddukvæðinu *Völuspá* og í *Gylfaginningu* (sem er að finna í Snorra-Eddu) segir völva Óðni frá því að goð og jötnar komi til með að berjast í ragnarökum og að í þeirri viðureign líði heimurinn undir lok. Allir muni farast, goð, jötnar og menn og jörðin hverfa í sæ. Orðið *ragnarök* þýðir í bókstaflegri merkingu *örlög goðanna*, þ.e. *rögn* merkir *goð* og *rök* merkir *örlög*. Síðan hefur merkingin verið yfirfærð í *heimsendi*.

Ábending:

Í þessu samhengi er hægt að sýna nemendum bút úr *Völuspá* og *Gylfaginningu* þar sem þeir geta séð hvernig Snorri nýtir sér kvæðið til að búa til heillega frásögn. Einnig er hægt að segja þeim lauslega frá því hvernig Óðinn reynir í sífellu að safna liði í Valhöll (einherjum = valkyrjur velja fræknuðu hermennina úr valnum) til að vera betur undir ragnarök búinn. Ennfremur er hægt að benda á hvað örlagatrúin var sterk í heiðinni trú; menn töldu að ekki væri hægt að flýja örlög sín. Benda má á hliðstæðu í Njálu þar sem Njáll reyndi stöðugt að koma í veg fyrir það sem átti að gerast en varð því miður að lúta í lægra haldi.

latneska stafrófið*: Þegar indóevrópskir þjóðflokkar komu til Ítalíu um 1000 f. Kr. var latínan ein af þeim mállýskum sem barst með þeim. Hún var töluð í héraði sem hét Latíum (Róm var borgríki í héraðinu) þar til um 700 f. Kr. Þegar Rómaveldi var og hét varð latínan ofan á sem ráðandi mál á Ítalíu og barst hún því um Evrópu og útrýmdi víða málum sem fyrir voru.

Latínan skiptist í ritmál sem kallað var *klassísk latína* og hið talaða mál sem kallað var *alþýðulátína* eða *vúgarísk latína* og af þeirri latínu eru rómönsku málin runnin. Klassíska latínan varð mál kirkjunnar og lærðra manna.

Latneska stafrófið er runnið af því gríska og talið er að Rómverjar hafi kynnst því hjá fornri menningarþjóð sem bjó í Etrúríu á vesturhluta Ítalíu (nú Toscana) sem kallaðist *Etrúskar*. Íslendingar tóku síðan upp latneska stafrófið í kringum 1000 e.Kr. og aðlöguðu það íslensku máli.

Ari fróði: Var fæddur 1067 og dó 1148. Hann var íslenskur sagnaritari og prestur á Stað á Snæfellsnesi. Hann var í fóstri hjá Halli Þórarinssyni í Haukadali í Biskupstungum og lærði þar í skóla Teits Ísleifssonar.

Ari er talinn hafa verið fyrstur Íslendinga til að rita bók sem hefur varðveist en sú bók heitir *Íslendingabók*. Hún segir sögu Íslands frá upphafi til 1130. Þó að hún sé stutt er hún gagnorð og mjög merk heimild, til dæmis um Papa á Íslandi, landnámið og stofnun Alþingis.

Einnig er talið að hann hafi átt þátt í frumgerð *Landnámu* en hún er helsta heimild okkar um landnám Íslands. Þessi frumgerð er talin vera frá f.hl. 12. aldar en er glötuð. Yngri afrit af henni eru varðveitt.

Fyrsta málfræðiritgerðin*: Í einu handriti Snorra-Eddu sem heitir *Codex Wormianus* er að finna *Fyrstu málfræðiritgerðina*. Þetta handrit er frá seinni hluta 14. aldar en málfræðiritgerðin var samín um miðja 12. öld þannig að frumrit hennar er glatað. Enginn veit hver er höfundur hennar en takmark hans var að aðlaga latneska stafrófið að íslensku hljóðkerfi. Höfundurinn notar vísindalegar aðferðir í ritgerð sinni og þar lýsir hann meðal annars framburði sérhljóða á sínum tíma. Hann gerir það með því að skipta út sérhljóðum í orðum. Nefna má dæmi af *sár* og *sýr* (merkir *gylta*) en höfundurinn gerir skýra grein fyrir merkingarmuninum sem felst í hvoru sérhljóði fyrir sig.

Texti *Fyrstu málfræðiritgerðarinnar* var ekki birtur fyrr en 1818 og var því lengi óþekktur. Höfundurinn var framsýnn og að mörgu leyti langt á undan sínum tíma í vinnubrögðum. Eins og kemur fram í bókinni lagði hann til að tekin yrðu upp fjögur ný íslensk sérhljóðatákn til viðbótar hinum fimm latnesku því að íslenskan ætti fleiri sérhljóð en latínan.

Ábending:

Hægt er að sýna nemendum búið úr *Fyrstu málfræðiritgerðinni* og láta þá reyna sig við textann. Það er mesta furða hvað þeim gengur vel að lesa þennan gamla texta. Um leið er hægt að benda á að í raun sé ekki svo erfitt að lesa gömul handrit en öllu erfiðara yrði að

skilja framburðinn á orðunum, ekki síst vegna framburðarbreytinga á sérhljóðunum frá fornu máli til nútímamáls.

eddukvæði*: Skiptast í *goðakvæði* og *hetjukvæði*. Meginhandrit þeirra er íslenskt handrit frá því um 1270 sem kallast *Konungsbók eddukvæða* og eru flest eddukvæði varðveitt þar. Höfundar eddukvæðanna eru óþekktir en ekki er talið ósennilegt að þau hafi verið ort á víkingatímanum (9.öld - 11.öld) þó að efnið sé ævagamalt.

Goðakvæðin segja frá atburðum úr heimi goðanna og endurspegla mörg þeirra aðstæður hjá mönnum. Þessi kvæði eiga sér ekki hliðstæðu hjá öðrum germönskum þjóðum og menn hafa löngum deilt um hvort þau séu áreiðanlegar heimildir um heiðnina eða hvort þau sýni fremur kristna túlkun á goðsögnum. Þessi kvæði eru ein aðalheimild okkar ásamt *Snorra-Eddu* um heiðnina, hin norrænu trúarbrögð.

Hetjukvæðin segja meðal annars frá raunverulegum persónum sem voru uppi á 4. og 5. öld eftir Krist og má þar nefna Atla Húnakonung. Þessi kvæði hafa þó ekki sagnfræðilegt gildi því að í þeim er ýmsu steypst saman í sagnaheim sem lýtur sínum eigin lögmálum. Nefna má að aðalhetjurnar eins og Sigurður Fáfnisbani og Helgi Hundingsbani eru aðeins þekktar úr bókmenntum. Sagan af Sigurði hefur verið vel þekkt um alla norðurálfu og sést það meðal annars af rúnaristum og Niflungaljóðum.

dróttkvæði*: eru önnur aðalgrein fornorræns kveðskapar við hlið eddukvæða. Höfundar dróttkvæðanna eru þekktir (öfugt við eddukvæðin) en bragarhættir kvæðanna eru óþekktir meðal annarra germanskra þjóða. Þeir eiga sér hins vegar hliðstæðu í fornírskum kveðskap og kannski hafa dróttkvæðin orðið fyrir áhrifum þaðan. Flest dróttkvæðanna eru lof- og erfikvæði um höfðingja (sbr. *drótt* = *hirð*). Það hafa einnig varðveist lausavísur eins og ástar- og níðvísur.

Elstu dróttkvæðu vísurnar sem hafa varðveist eru á rúnaristum frá Svíþjóð og eru frá því um 1000. Flest þeirra eru þó í íslenskum handritum frá 12. öld og síðar. Íslensk skáld ferðuðust milli hirða norrænna konunga sem atvinnuskáld og má þar nefna Egil Skalla-Grímsson. Ýmsir töldu að dróttkvæðin væru traust sem sagnfræðilegar heimildir og þeirra á meðal var Snorri Sturluson.

Það sem einkennir dróttkvæðin er mikil notkun kenninga og heita. Þau eru mjög formföst og lúta ströngum bragreglum. Orðaröðinni er oft á tíðum hnikað töluvert til í þágu stuðlasetningar og fleira. Það getur verið þrautinni þyngri fyrir nútímamenn að púsla dróttkvæðum vísu saman en ánægjan því meiri ef það tekst. Kenningarnar eru oft listilega gerðar en til þess að skilja þær til hlítar þarf töluverð þekking að vera til staðar. Upp úr 1300 liðu hefðbundin dróttkvæði undir lok enda voru norrænir höfðingjar þá hættir að skilja íslenskuna en ýmislegt úr skáldamáli þeirra lifði áfram t.d. í rímum og öðrum kveðskap og má þar nefna stuðlasetningu og kenningasmíð.

harðmæli: Er ein af framburðarmállýskunum á Íslandi. Það er bundið við Norðurland og í því felst að *p*, *t* og *k* eru borin fram fráblásin á eftir löngu sérhljóði (sérhljóð var langt í áhersluatkvæði ef eitt eða ekkert samhljóð fylgdi á eftir því í viðkomandi atkvæði; undantekningin frá þessu var ef *p,t,k* + *s* og *j,v* og *r* fylgdu á eftir viðkomandi sérhljóði í áhersluatkvæði).

Fjölismenn: Fjölismenn voru þeir Brynjólfur Pétursson, Jónas Hallgrímsson, Konráð Gíslason og Tómas Sæmundsson. Þeir gáfu út tímarit í Kaupmannahöfn sem kom út árlega á árunum 1835-47 sem kallaðist *Fjölirnir*. Það var boðberi rómantísku stefunnar í bókmenntum þar sem meðal annars var litið til fortíðar þar sem hetjur riðu um héruð. *Fjölirnir* lagði áherslu á málhreinsun og birtust mörg af kvæðum Jónasar fyrst í *Fjölni*. Fjölismönnum var einnig umhugað um sjálfstæði landsins og ýmis framfaramál. Tímaritið féll ekki öllum í geð en það hafði þó mikil áhrif á menningarmál og endurnýjun ritmáls. Einnig var það atkvæðamikið í stjórnálaumræðu samtímans.

Gamli sáttmáli: Var samningur sem Íslendingar og Norðmenn gerðu með sér líklega frá 1302. Hann byggði á *Gissurarsáttmála* sem gerður var 1262-64. Sá samningur fól í sér að Íslendingar gerðust þegnar Noregskonungs og játuðust undir skatta og skyldur hans. Í staðinn átti Noregskonungur að tryggja frið á Íslandi og að siglingar til Íslands yrðu tryggar og reglubundnar. Með *Gissurarsáttmála* lauk þjóðveldisöldinni en þegar Gamli sáttmáli var gerður bættu Íslendingar tvennu við; þeir höfnuðu óþörfum utanstefnum og kröfðust þess að lögmenn og sýslumenn væru íslenskir og af gömlu goðorðaættunum.

Verkefni með 4. kafla – svör

1. Finnið rök með og á móti því að Íslendingar taki upp enska tungu.

Hugmynd að svari:

Rök á móti:

- Við notum tungumálið til þess að tjá og orða hugsanir okkar og því árangursríkast að nota móðurmálið til þess.
- Íslendingar eru sjálfstæð þjóð og tungumálið er mikilvægur þáttur í sjálfsmynd þjóðarinnar.
- Smám saman myndum við missa tengslin við fortíðina, menningararfinn og bókmenntirnar.
- Hætta er á að við töpuðum þjóðareinkennum okkar.
- Við gætum aldrei náð sömu færni á hvaða sviði sem er ef við notum ekki eigið móðurmál.
- Það væri óþarflega dýrt fyrir þjóðfélagið að hafa tvö jafnrétthá tungumál í landinu.

Rök með:

- Flestir Íslendingar kunna þegar töluvert í ensku.
- Enskan er alþjóðlegt mál og ef við tækjum hana upp auðveldaði það samskipti við aðrar þjóðir og skapaði okkur meiri möguleika hvort sem það væri á sviði lista eða viðskipta.
- Þetta myndi veita okkur betri aðgang að alls konar efni á öllum sviðum mannlífsins.
- Við myndum kynnst menningu og listum enskumælandi þjóða á frummálinu.
- Þegar til lengri tíma er litið yrði þetta hagkvæmt því ekki þyrfti að þýða kennsluefni, bókmenntir, bíómyndir og margt fleira.
- Aðgangur að erlendum háskólum og menntastofnunum yrði auðveldari.
- Við erum of fá til þess að standa undir kostnaði við að halda uppi metnaðarfullum þýðingum á t.d. fagurbókmenntum og kennslubókum.

Ábending:

Hér væri hægt að skipta bekknum í tvö lið og efna til rökræðukeppni þar sem annar hópurinn væri með en hinn á móti. Liðin gætu þá notað eina kennslustund til þess að undirbúa málflutning sinn og lesa sér meira til eða undirbúið slíkt heima. Um þetta málefni hefur heilmikið verið skrifað og ef farið er á Netið og leitarstrengurinn: **áhrif ensku á íslensku** er sleginn inn á birtast heilmargar greinar um efnið.

2. Finnið nokkur vel heppnuð dæmi um tökuorð. Hvaða kostum þarf tökuorð helst að vera búið til að ná almennri hylli?

Hugmynd að svari:

Pítsa, bíll, djass, plástur, djús, popp, rokk, gardína, poki, sjoppa, jeppi, dúkka, vaskur, skrúbbur

Til þess að tökuorð nái almennri hylli þarf það helst að vera stutt og aðlagast auðveldlega íslensku málkerfi.

3. Finnið fimm dæmigerðar slettur sem eru notaðar í dag og búið til nýyrði yfir þær.

Hugmynd að svari:

sjött, tjilla, crúv, pleilisti, fila, beila, dissa, böggja, frík, deit

Ábending:

Upplagt er í tengslum við þetta verkefni að skoða greinina „Nýyrði vantar“ eftir Jóhannes B. Sigtryggson, Ágústu Þorbergsdóttur og Jón Guðmundsson í *Skímu*, 1. tölublað 2007. Þar eru margar slettur nefndar og leitast við að finna yfir þær nýyrði.

Ábending:

Í verkefnum 2 og 3 er gaman að skipta bekknum í hópa og skoða svo saman á töflu hvaða orð hóparnir finna. Þarna má til dæmis velja fyrir sér hvort sömu orðin komi fyrir hjá öllum hópum, hvort eitthvað einkenni slettur, skoða muninn á slettum og tökuorðum, velja fyrir sér hvaða stefnu við eigum að hafa í þessum efnum og hvernig eigi að stafsetja slettur o.s.frv.

Þegar búið er að safna saman öllum orðunum hjá hópunum má láta nemendur finna fleiri orð. Í verkefni 3 er líka hægt að byrja á því að láta alla hópana finna fimm slettur og kynna niðurstöður. Síðan er hægt að velja úr fimm slettur sem allir hóparnir eiga að búa til nýyrði yfir. Hver hópur fær ákveðinn tíma í verkefnið og að lokum kynna þeir niðurstöður sínar. Þá gefst tilvalið tækifæri til þess að ræða hvað einkenni gott nýyrði.

4. Flettið upp í *Íslensku orðsifjabókinni* og finnið tökuorðin sem eru í kafla 4.1. Hver var upphafleg merking hvers orðs um sig?

Kirkja <úr grísku kýriakón = það sem tilheyrir drottni, drottins hús.

Prestur <úr lat. presbyter <úr gr. presbýteros = roskinn maður, safnaðaröldungur.

Engill <úr lat. angelus <úr gr. ángelos = sendiboði.

Djöfull <úr lat. diabolus <úr gr. diábolos = rógberi.

Klaustur <úr lat. claustrum = hið lokaða (claudð - loka).

Munkur <úr lat. monachus <úr gr. monakhós af mónos = einn.

Páfi <úr lat. pápa = faðir.´

Ábending:

Upplagt er að nota verkefni 4 sem útgangspunkt í umræður um skyldleika orða og ýmsar orðsifjar.

5. Hvort er æskilegra að bæta við orðaforða íslenskunnar með nýyrðum eða tökuorðum? Rökstyðjið.

Það er æskilegra að búa til nýyrði því að þau eru mynduð með íslenskum stofnum og eru yfirleitt mjög gagnsæ. Sum tökuorð falla þó vel inn í málið ef þau samræmast íslensku hljóð- og beygingarkerfi.

6. Hvaða tilgang hefur það fyrir fámennar þjóðir að halda í tungumál sitt?

Fjöldi tungumála í heiminum skiptir þúsundum en 60% þeirra eru þó töluð af færri en 10.000 manns. Árlega hverfa mörg tungumál og með þeim glatast ómetanleg menningarverðmæti. Sjálfstæði og sjálfsmýnd þjóðar er oft nátengd tungumálinu og þess vegna er mikilvægt fyrir fámennar þjóðir að halda í tungumál sitt.

7. Hvaða málstefnu eiga Íslendingar að hafa? Rökstyðjið.

Hugmynd að svari:

Mikilvægast er að varðveita málið og halda því lifandi. Það gerum við meðal annars með því að vera vakandi gagnvart áhrifum annarra tungumála, sérstaklega enskunnar. Það er óhjákvæmilegt að málið taki breytingum en þá skiptir máli að búa til nýyrði í stað erlendra orða og gæta vel að gerð setninga. Undanfarið hefur t.d. töluvert borið á enskum áhrifum á orðaröð í íslensku og einföldun á beygingu sagna. Öflug þýðingarstarfsemi er líka mikilvæg til þess að við varðveitum tungumálið sem best.

8. Skýrið stuttlega eftirfarandi hugtök/nöfn. Sumt er að finna í kennsluheftinu, öðru þarf að fletta upp annars staðar. *Íslenska alfræðiorðabókin* kemur örugglega að góðum notum og eitthvað ætti að finnast á Netinu.

* = stutt umfjöllun í kennsluhefti.

nýyrði*: Orð sem eru búin til með íslenskum orðstofnum, oftast frekar gagnsæ.

tökuorð*: Útlend orð sem eru aðlöguð að íslensku málkerfi.

nýmerkingar*: Gömul orð sem fá nýja merkingu.

Guðbrandur Þorláksson: Var íslenskur biskup á 16.öld (1541- 1627) sem hafði mikil áhrif á varðveislu íslensku og eflingu íslensks ritmáls en hann lét m.a. flytja prentsmiðju til biskupssetursins á Hólum þar sem hann gaf út margar bækur, meðal annars *Biblíuna* 1584.

Oddur Gottskálksson: Var lögmaður sem þýddi *Nýja testamentið* á íslensku um miðja 16. öld. Það var fyrsta prentaða ritið sem kom út á íslensku, árið 1540.

rómantíska stefnan*: Var stefna í bókmenntum og listum. Stefnan byrjaði sem andóf gegn *upplýsingastefnu* og einkenndist af einstaklingshyggju, náttúrudýrkun, þjóðernisást og tilfinningahita. Ennfremur fól hún í sér áhuga manna á miðöldum og alþýðumenningu (þjóðsagnasöfnun). Hún kom fyrst fram í Þýskalandi og Englandi um 1800. Hérlandis fléttaðist stefnan saman við þjóðernisvakningu og sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar á 19. öld.

Jónas Hallgrímsson: Var eitt af höfuðskáldum Íslendinga. Hann var uppi á 19. öld og orti ljóð í anda rómantísku stefnunnar. Jónas var einn af Fjölnismönnum en þeir beittu sér mikið í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Hann var öflugur nýyrðasmiður og hafði mikil áhrif á málstefnu Íslendinga.

bretónska: Er tungumál sem er talað í Bretagne í NV- Frakklandi. Þetta er keltneskt tungumál (af indóevrópskum uppruna) og 500.000 manns tala það. Þetta tungumál var líka í hættu þar sem það hafði ekki sama sess og franska en með ákveðnum aðgerðum tókst að snúa vörn í sókn.

gelíska: Er keltneskt mál (af indóevrópskum uppruna). Hún skiptist í írsku, skosk-gelísku og manx. Hún var töluð í Skotlandi og á Írlandi en átti í vök að verjast, sérstaklega á Írlandi. Lengi vel komu Bretar í veg fyrir að gelíska væri töluð og dæmi eru um að fólk hafi kennt hvert öðru málið inni í runnum til þess að forðast refsingar Bretanna. Vegur gelískunnar jókst á ný á 20. öld og er írsku nú opinbert mál ásamt ensku á Írlandi. Þess má þó geta að mun færri tala írskuna.

Hallgrímur Pétursson: Var skáld og prestur sem var uppi á 17. öld (1614-1674). Hallgrímur er eitt mesta trúar- og sálmaskáld Íslendinga en hann orti meðal annars *Passíusálmana* og útfararsálminn **Um dauðans óvissan tíma**.

upplýsingarstefnan*: Var stefna í bókmenntum frá 18. öld þar sem meðal annars var lögð áhersla á fræðslu til almennings um landsins gögn og gæði. Fylgismenn upplýsingarstefnunnar vildu uppræta ýmsar kreddur og skoðanir og upplýsa almenning á grundvelli vísindalegra rannsókna.

Einn helst boðberi stefnunnar á Íslandi var Eggert Ólafsson. Hann ferðaðist mikið um Ísland og stundaði rannsóknir á náttúru Íslands og landbúnaði.

Mohawk-indíánar: Er indíánaættbálkur í Norður-Ameríku. Tungumál þeirra var einskis virt og við það að deyja út en í upphafi 8. áratugar 20. aldar sneru þeir þeirri þróun við með markvissri og öflugri málstefnu. Með því að leita á Netinu (t.d. á google.is) að „Mohawk indians“ má finna ýmsar síður með frekari upplýsingum um þennan indíánaættbálk.

Fjöregg: Samkvæmt þjóðtrúnni varðveitir fjöregg líf (fjör = líf). Eggið er brothætt og viðkvæmt. Fjöreggið geymir oft líf þess sem handfjatlar það.